

22. fundur
byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtún1, Tálknafjörðu,
Þriðjudaginn 17. febrúar 2009 og hófst hann kl. 16:00

Fundinn sátu:

Heiðar Jóhannsson, Aðalsteinn Magnússon, Ásgeir Jónsson, Sigurvin Hreiðarsson, Sif Karlsdóttir,

Fundargerð ritaði: Sif Karlsdóttir ,

Dagskrá:

1. 0902065 - Umfjöllun um umferðamerkingar í Tálknafirði

Gestur og ráðgjafi undir þessum lið er Torfi Andrésson. Fram komu ábendingar um það sem betur má fara varðandi umferðamerkingar.

Lagt er til að skilti um 35 km hámarkshraða þar sem komið er inn í þéttbýlið að innanverðu verði tekið niður og þess í stað verði þéttbýlisskilti látið ráða hámarkshraða (hámarkshraði 50km/klst). Einnig verði þéttbýlisskiltum (D1211 og D1221) komið upp við ytri mörk þéttbýlis.

Við Hrafnadalsveg, Lækjargötu og veg niður á hafnarsvæði þarf að setja upp skilti B 2835 og B 2935 (hámarkshraði 35 km/klst, innan hverfis).

Biðskyldu vantar við ytri enda Túngötu.

Skilti B2815 og B2915 (hámarkshraða 15 km/klst) verði komið upp við götur að kirkju og Grunnskóla.

Torfa er þakkað fyrir góðar ábendingar og hann vísar af fundi.

2. 0902066 - Umsókn um leyfi fyrir breytingum á Valhöll, Strandgötu 11
Erindið samþykkt einróma.

3. 0811093 - Ranglátur. Rekstur bóka- og gjafavöruverslunar
Afgreiðslu erindis frestað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00
